

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Ásahreppi, Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra.

Deiliskipulag fyrir Búðarhálsvirkjun og Búðarhálslínu.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykktu eftirfarandi sveitarfélög deiliskipulag Búðarhálsvirkjunar og Búðarhálslínu I, á fundum hreppsnefnda í Djúpárhreppi 30. maí 2001, Holta- og Landsveit 18. júní 2001 og Ásahreppi 19. júní 2001.

Deiliskipulagið tekur til allt að 120 MW virkjunar við Búðarháls - Búðarhálslínu I.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag frístundahúsa, smáhýsa og útihúss í Kálfholti 2, Ásahreppi.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Ásahrepps á fundi sínum 18. nóvember 2008, deiliskipulag á jörðinni Kálfholti 2 í Ásahreppi. Deiliskipulagið nær til frístundabyggðar á um 2 ha svæði; tveggja lóða fyrir sumarhús og einnar lóðar þar sem byggð verða allt að 5 smáhýsi. Þá er gert ráð fyrir 1 lóð undir hesthús.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag í Hallgeirseyjarhjáleigu, Rangárþingi eystra.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings eystra á fundi sínum 7. október 2010, deiliskipulag einnar lóðar í landi Hallgeirseyjarhjáleigu, Rangárþingi eystra.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, bílskúrs og gestahúss.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag skálasvæðis við Álftavatn að Fjallabaki syðra, Rangárþingi ytra.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 2. september 2010, deiliskipulag skálasvæðis við Álftavatn, Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið nær yfir um 5 ha svæði norðaustan við Álftavatn.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag ferðapjónustu í landi Leirubakka, Rangárþingi ytra.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 29. júlí 2010, deiliskipulag ferðapjónustu í landi Leirubakka, Rangárþingi ytra.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag tveggja lóða í landi Stóru-Valla, Rangárþingi ytra.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 10. júlí 2009, deiliskipulag tveggja lóða í landi Stóru-Valla í Rangárþingi ytra.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag verslunar- og þjónustuvæðis við Árhús á Hellu, Rangárþingi ytra.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 11. mars 2010, deiliskipulag verslunar- og þjónustuvæðis við Árhús á bökkum Ytri-Rangár, Rangárþingi ytra.

Deiliskipulagssvæðið er tæplega 4 ha og tekur til byggingar á smáhýsum og snyrtihúsi. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Steinkusels, 4 frístundalóða úr landi Efra-Sels, Rangárþingi ytra.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 2. september 2010, deiliskipulag fjögurra frístundalóða í Steinkuseli, Rangárþingi ytra.

Deiliskipulagið tekur til fjögurra nýrra frístundalóða þar sem heimilt verður að byggja frístundahús og gestahús eða geymslu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kaldakinn, deiliskipulag vinnuhúss, skemmu og smáhýsa, Rangárþingi ytra.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 7. október 2010, deiliskipulag í Köldukinn, Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið nær til um 11 ha svæðis úr landi Köldukinnar, landnr. 165092, sem er um 230 ha að stærð. Deiliskipulagið tekur til byggingarreita fyrir vinnuhús, reiðskemmu og smáhýsi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 8. október 2010.

F.h. Ásahrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings ytra,

Rúnar Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings bs.